

1. Almennt:

Öggur ehf. (kt. 650809-1300), Kjarvalsstöðum við Hjaltadalsá í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna 12 tonna hámarkslífmassa af bleikju til seiða- og matfiskeldis þann 7. nóvember 2014.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennsli í Hjaltadalsá. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður fiskeldisstöðvarinnar er þannig að ristar eru í öllum kerjum og fyrir frárennslisfarveg í seinni settjörn.

Matvælastofnun staðfestir að öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi hafi verið móttekin og þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 5. október til 2. nóvember 2020 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Aggar ehf. Rekstrarleyfið heimilur hámarkslífmassa 12 tonn til seiða- og matfiskeldis á bleikju að Kjarvalsstöðum við Hjaltadalsá í Hjaltadal.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 6. júní 2022. Rekstrarleyfið gildir til 12. 2 2037.

Selfossi, 12. febrúar 2021